

## 1.2 SKIPULAG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### 1.2.1 Stofnbrautir ofan við og fyrir framan byggðina

### 1.2.2 Brýr sem tengja nesin saman

### 1.2.3 Nýr flugvöllur á Lönguskerjum

### 1.2.4 Svæðið ætti að nálgast form hringsins, í stað þess að vera ílangt

## 1.2 SKIPULAG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (3 síður)


### 1.2.1 Stofnbrautir ofan við og fyrir framan byggðina

Ég skrifaði grein 1973 - ári eftir að ég kom úr námi - þar sem ég setti fram  
BYLTINGAKENNDAR HUGMYNDIR UM FRAMTÍÐARVEGAKERFI Á HBSV.

a) Um þetta er fjallað á bls. 69 í „Mótun framtíðar“: „... kynnti síðan hugmynd um að tengja „tangana“ Álftanes og Seltjarnarnes saman: „Vil ég þar fyrst koma fram með tillögu um UMFERÐARBRAUT Á BRÚ OG UPPFYLLINGU FRÁ ÁLFTANESI YFIR TIL VESTURBÆJARINS Í REYKJAVÍK... en með þessari leið komumst við aftur fyrir aðalumferðartappana á Hafnarfjarðarveginum og í Reykjavík“. (MótFramt. Bls. 69).

b) Hugmyndina um FRAMANBYGGÐARVEGINN - SUNDABRAUT, fékk ég um tveimur árum síðar. Aðdragandanum að því lýsi ég svo: „... Eitt stærsta vandamálið við skipulag svæðisins var að Vesturlandsvegur liggur í gegnum það. Til að draga úr umferðarmagni og aðskurðaráhrifum vegarins, kom ég með hugmynd um NÝJAN AÐALVEG Á SVÆÐINU ÚTI Á NESJUNUM MEÐ BRÚM YFIR VOGANA. Þetta tel ég eina af bestu skipulagshugmyndum mínum.“ (MótFramt. Bls. 62).

c) Hvað varðar Ofanbyggðarveginn, segi ég í greininni: „... Annað meginatriði er... að beina gegnumumferðinni... á vegi FYRIR OFAN BYGGÐINA...Hraðbrautaráætlunin gerir að vísu ráð fyrir braut fyrir ofan Garðahrepp og Kópavog... en þar sem ÞESSI „OFANBYGGÐAVEGUR“ er ekki fyrir hendi, þurfa allir bílar... að fara niður á gatnamótin Kringlumýrarbraut–Miklabraut... Reyndar teldi ég rétt að færa áætlaðan ofanbyggðaveg EINNIG UPP FYRIR BREIÐHOLTIN OG ÁRBÆ“. (MótFramt. Bls. 62).




MYND 1.2.1 – Tillögur TV um Framanbyggðarveg (Skerjafjarðar- og Sundabrautir) og Ofanbyggðarveg, til að færa umferð út fyrir byggðina, 1973.

Greinin er hér: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Articles/SkipHbsv.pdf>

## 1.2.2 Brýr sem tengja nesin saman

Hér skal aftur vitnað í grein mína í Lesbók Mbl í ágúst 1973, þar sem ég reifa stærstu viðfangsefnið á hbsv: „Höfuðvandamál umferðarinnar stafa... einkum af tangaformi borgarinnar...“ ... og kynnti síðan hugmynd um að tengja „tangana“ Álftanes og Seltjarnarnes saman: „Vil ég þar fyrst koma fram með tillögu um UMFERÐARBRAUT Á BRÚ OG UPPFYLLINGU FRÁ ÁLFTANESI YFIR TIL VESTURBÆJARINS Í REYKJAVÍK... en með þessari leið komumst við aftur fyrir aðalumferðartappana á Hafnarfjarðarveginum og í Reykjavík“. (MótFramt. Bls. 69).

Á bls. 70 í bókinni birti ég eftirfarandi mynd af tveimur valkostum í útfærslu Skerjafjarðarbrautar, og hvernig hún mundi geta tengt flugvöll á Lönguskerjum, bæði við Reykjavík sem og við suðursvæði hbsv handan fjarðarins.



MYND 1.2.2 – Þverun Skerjafjarðar: Brú og vegfylling (ódýrt), göng og fylling (dýrt).

## 1.2.3 Nýr flugvöllur á Lönguskerjum

Í „Mótun framtíðar“, segi ég m.a. um flugvallarmálin: „... Ég sá að allt sem Flugvallarnefndin hafði lagt til um staðsetningu flugvalla (uppúr 1960), var meingallað, en þar sem að lausn á þessu máli var grunnatriðið í því að koma sköpulagi á skipulagsmálin, lagði ég mig mjög eftir að finna lausn...“ Fékk ég þá HUGMYNDINA UM FLUGVÖLL Á LANDFYLLINGUM Á LÖNGUSKERJUM. (MótFramt. Bls. 72).

Um viðtökurnar segi ég í „Mótun framtíðar“: „... Hugmyndin vakti gífurlega athygli og kom Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur til mín og bað um að fá að flytja tillögu um hugmyndina á Alþingi. Hjálpaði ég Guðmundi að skrifa ræðuna og gerði kortin sem fylgdu tillögunni. Meðflutningsmaður var Steingrímur Hermannsson.“ (MótFramt. Bls. 72).  
Kortið hér að neðan er úr greinargerðinni.




MYND 1.2.3 – Tillaga TV um flugvöllur á Lönguskerjum. Aðflug og hávaði yfir sjó, 1975.

#### 1.2.4 Svæðið ætti að nálgast form hringins, í stað þess að vera ílangt

Í kaflanum „MYNDUN FORMFRÆÐA UM BYGGÐARÞRÓUN“, segi ég: „... Stúdering mín á formprinsípum T'ai Ch'i sýmbólsins, í Berkeley, styrkti skilning minn á gildi þess að nota hringformið til að efla byggðasvæði. Einmitt þetta; að þróa BYGGÐASVÆÐI Í ÁTT TIL FORMS HRINGSINS, hef ég margoft bent á sem MIKILVÆGASTA MARKMIÐIÐ Í SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, sem er ÍLANGT, SKÆKLÓTT OG SUNDURLAUST.“ (MótFramt. Bls.138).

Fyrri myndin sýnir hve byggðin á hbsv er ílöng, og stór svæði óbyggð innan um hana. Rauði hringurinn (með aðeins um 5 km radius), sýnir hve fjarlægðir frá MIÐ-bæ í miðju hringins, væru stuttar, ef fyllt væri upp í götin með byggð (bleiku svæðin). Mest af þessum opnu svæðum, sem eru aðalega í Heiðmörk, eru í dag vatnverndunarsvæði. Auðvelt er að hætta vatnstöku í Gvendarbrunnum og taka vatnið ofar, til að geta byggt á núv. vatnsverndarsvæðum. Yrði þá til ævintýrlega falleg byggð, t.d. í kringum Elliðavatn og önnur vötn á þessu svæði.



MYND 1.2.4 A) Grátt: Dreift borgarsvæði. MYND 1.2.4 B) Bleikt: „Laus“ svæði.